



440. fundur Þingvallanefndar 28.8.2018
Skrifstofu Þingvallanefndar
Austurstræti 12

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti miðvikudaginn 28. ágúst 2018.
Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Oddný G Harðardóttir, Páll Magnússon, Karl Gauti Hjaltason, Líneik Anna Sævarsdóttir og Hanna Katrín Friðriksson
Fundinn sátu einnig Einar Á.E.Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð,
Gestir: Gestur Guðmundur Hannesson

Formaður setti fund 11.30.

Dagskrá:

1. Silfru staða og viðbrögð ferðaþjónustunnar við tímastjórnun .
Gestur Guðmundur Hannesson ráðgjafi.
Farið yfir tillögur og niðurstöður funda með ferðaþjónustuaðilum í Silfru vegna tillagna um tímastjórnun í Silfru. Máli frestað til næsta fundar.
2. Sumarbústaðamál.
 - a. Erindi frá félagi sumarhúsaeigenda í Kárastaðalandi um lækkun lóðaleigugjalda.
Máli frestað til næsta fundar.
 - b. Forkaupsréttur Neðristígur 3
Lagt fram bréf með ósk um að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti að Neðristíg 3. Samþykkt.
 - c. Gjábakki 2 og 7.
Þjóðgarðsvörður kynnti erindi frá eigendum sumarbústaða í Gjábakka 2 og 7 um kaup á bústöðum. Málið er í vinnslu.
 - d. Efristígur 14.
Lögð fram staðfesting frá Umhverfis og auðlindaráðuneytinu um að Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur samþykkt kaup á Efristíg nr. 14.
3. Kynning á ársreikning 2017.
Frestað til næsta fundar.
4. Önnur mál.
 - a. Staða vegaf framkvæmda- umræður.
 - b. Ljósleiðari-umræður.Verið er að skoða möguleika á ljósleiðaratengingu við Hakið frá Nesjavöllum. Örbylgjusamband frá Miðfelli verður lagt niður í haust.

Fundi slitið.